

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

1. fundur skólaársins 2020-2021, haldinn 10.09.2020

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir, Björn Ásbjörnsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson

Fulltrúi félagsmiðstöðvar: Bjarki Sigurjónsson

Dagskrá og afgreiðslur:

## 1. Fyrirkomulag stjórnunar skólaárið 2020-2021

Þórunn ráðin inn fyrir Ágúst, Sigrún Ólöf ráðin inn fyrir Þórunni, sinnir 50% starfi í vetur og Kristjana Ólafsdóttir í 50% starfi í vetur þess vegna Inga í námsleyfi, Guðbjörg fyrir hana Edda í ólaunuðu leyfi, Nína fyrir hana Oddrún skrifstofustjóri Íris Björk kennsluráðgjafi Kristín F og Unnur Helga sérkennsluráðgjafar Teymistengiliðir úr öllum starfshópum

## 2. Skólalóð

- Álag á skólalóðinni, hópamyndun unglunga, hvers vegna þessi lóð valin? Aðgengi, skoða lóðina mtt þess? L og M rifja upp tillögur til garðyrkjustjóra

## 3. Húsnæði

- Framkvæmdir í Vallakór
- Fjárhagsáætlun vegna kjallara, mikilvægt að rökstyðja þörfina

## 4. Nemendafjöldi

- Fækkun nemenda, nú um 890 mest fækkun á elsta stigi

## 5. Tilkynningahnappur í spjaldtölvur

- Póstur til foreldra á mánudaginn
- Kynning fyrir nemendum á morgun <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd/studningur-vid-fjolskyldur/barnavernd>

## 6. Aðgengi foreldra að skólanum

- Tekin var sérstök ákvörðun hjá almannavarnardeild, í samráði við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að gæta sérstakrar varúðar í leikskólum, grunnskólum og

félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu í tvær vikur til viðbótar, þátt fyrir tilslakanir yfirvalda. Þetta er gert til þess að viðhafa sérstaka aðgát í þessari starfsemi og gildir til og með 20. september.

Frá Almannaöllum:

**Varðar:** Sérstaka aðgát í starfsemi skóla

Sælir stjórnendur skóla og frístundastarfs

Við viljum þakka ykkur fyrir góð viðbrögð við síðasta bréfi okkar, en við teljum að með því að sýna sérstaka aðgát í upphafi starfsins hafi tekist að koma í veg fyrir frekari röskun á skólastarfi. Sá árangur er svo sannarlega ykkur að þakka.

Í síðasta bréfi var talað um að viðhafa sérstaka aðgát til og með 6. september en við teljum í ljósi þess að enn eru að greinast staðfestir einstaklingar sem eru utan sóttkvíar í samfélaginu mikilvægt að halda því áfram enn um sinn.

Að höfðu samráði við fræðslustjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í gær, leggjum við til að sama verklag verði áfram til sunnudagsins 20. september. Við munum funda með fræðslustjórunum reglulega til að endurmeta stöðuna.

Við teljum mikilvægt að við slökum ekki á nálægðarmörkum þrátt fyrir tilslakanir í [nýrri reglugerð](#) heilbrigðisráðherra sem tekur gildi næstkomandi mánudag. Skólasamfélagið hefur verið að vinna með 1 metra nálægðartakmörkun á milli starfsfólks án þess að andlitsgrímur séu notaðar. Þessi lína var sett með auglýsingu um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar [nr. 811](#) frá 20. ágúst 2020 og breytingum [nr. 865](#) frá 3. september 2020. Markmið með auglýsingu þessari er að tryggja að sem minnst röskun verði á skólastarfi vegna COVID-19 sjúkdómsins með ýtrustu sóttvarnarsjónarmið að leiðarljósi og er ekki annað hægt að segja en það hafi gengið eftir.

Við leggjum til að fara varlega í breytingar og höldum okkur áfram við 2ja metra nálægðartakmörk fyrir aðila sem ekki tengjast skólanum. Þetta er gert til að tryggja órofna starfsemi skólanna.

Við viljum áfram viðhalda eftirfarandi:

- Tónlistarkennarar, sálfræðingar, talmeinafræðingar, hjúkrunarfræðingar og kennsluráðgjafar sem fara á milli skóla skulu huga vel að persónubundnum sóttvarnaráðstöfunum og nálægðartakmörkunum. Þeir nýti sem minnst sameiginleg rými í mismunandi skólum t.d. salerni og kaffistofur. Í þennan afmarkaða tíma hvetjum við einnig til þess að þessir aðilar viðhafi 2ja metra nálægðarmörk eins og kostur er, sín á milli sem og við starfsfólk skólans. Geti þeir ekki virt nándareglu um að minnst einn meter við starfsfólk skulu þeir nota hlífðargrímu.
- Aðgengi utanaðkomandi aðila sem ekki tengjast skólasamfélaginu sé sem minnst.
- Utanaðkomandi aðilar virði alltaf minnst 2ja metra regluna við alla í skólanum bæði starfsfólk og nemendur auk persónubundna sóttvarna.

- Starfsemi sem ekki tengist skólanum sé ekki leyfð til og með 20. september t.d. óformlegt íþróttastarf fullorðinna sem ekki tilheyrir ÍSÍ, kórastarf fullorðinna og hópfundir með foreldrum.
- Skólastjórnendur haldi áfram að takmarka blöndun starfsfólks t.d. á milli húsa og starfseininga eins og kostur er.

Við viljum ítreka að samfélagssáttmálinn sé alltaf virtur og hugað sé vel að þrifum sérstaklega á snertiflötum, sjá leiðbeiningar um [þrif í skólum](#) sem og [spurt og svarað](#) hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Staðan verður endurmetin í samráði við fræðslustjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir sunnudaginn 20. september n.k.

Bestu kveðjur,

Jón Viðar.

- Þetta takmarkar störf skólans í foreldrasamstarfi
  - Námskynningar sendar heim á talglærum og sem kynningarefni, síðan sett á heimasíðu skólans
  - Einungis hægt að fá inn mjög fámennan hóp foreldra í einu
  - Aðalfundur foreldrafélagsins

## 7. Fundatími

- Fyrsta fimmtudag í mánuði kl 15:00???

8.

Næsti fundur áætlaður fimmtudag 01.10.2020, kl 15:00

fundargerð ritaði  
Þórunn